Akureyrarbær

Greinargerð vegna stjórnsýslubreytinga

Inngangur


Í samstarfssáttmála bæjarstjórnar frá 22. september 2020 kemur m.a. fram að bæjarstjórn ætli að einfalda stjórnsýslu og sameina svið. Í ljósi þess markmiðs er haldið áfram með vinnu við þær skipulagsbreytingar sem hófust árið 2017 og höfðu það að markmiði að einfalda stjórnkerfið, lækka kostnað og bæta þjónustu. Meðfylgjandi eru tillögur að öðrum áfanga skipulagsbreytinga fyrir Akureyrarbæ. Fyrsti áfanginn í einföldun stjórnsýslunnar var sameining fjölskyldusviðs og búsetusviðs í velferðarsvið. Þriðji áfanginn, eftir frekari greiningarvinnu, verða breytingar á umhverfis-og mannvirkjasviði.

Í greinargerð þessari er farið yfir stóru myndina. Tillagan lýtur að fækkun sviða um eitt og breytingum á verkefnum. Ekki er ólíklegt að eitthvað taki breytingum í ferlinu. Bæjarstjóri og viðeigandi sviðsstjórar munu fylgja eftir og bera ábyrgð á breytingunum.

Að þessum tillögum hafa bæjarfulltrúarnir Halla Björk Reynisdóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Hlynur Jóhannsson unnið að í samvinnu við fulltrúa Strategíu þær Guðrúnu Ragnarsdóttur, Helgu Hlín Hákonardóttur og Margréti Sanders ásamt Huldu Sif Hermannsdóttur aðstoðarmanni bæjarstjóra og undirritaðri. Ráðgjafarnir áttu á undirbúningstímanum samtöl við alla sviðsstjóra og hóp forstöðumanna og byggir tillaga að nýju skipuriti m.a. á þeim samtölum.

Skipurit

Tillaga að nýju skipuriti Akureyrarbæjar:



Helstu tillögur

- Samfélagssvið verður lagt niður og munu verkefni þess deilast niður á fræðslu- og lýðheilsusvið, velferðarsvið og þjónustu- og skipulagssvið. Sviðsstjóri fræðslusviðs verður sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs.
- Skipulagssvið verður lagt niður sem sjálfstætt svið.
- Þjónustu- og skipulagssvið er nýtt svið. Þar verða ákveðnir þættir innri og ytri þjónustu við íbúa færð á einn stað, ásamt skipulagsmálum sem eru skilgreind sem þjónusta við íbúa. Þróun Akureyrarbæjar til framtíðar og menningarmál verða hluti af ytri þjónustu. Akureyrarstofa í þeirri mynd sem hún er í dag verður lögð niður. Í nútíma samfélagi er sífellt meiri áhersla á þjónustu við íbúa og upplýsingagjöf sveitarfélaga. Skipulagsmál snúast að miklu leyti um upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa. Sameining upplýsingagjafar, atvinnumála og skipulags gefur líka einstakt tækifæri til þess að horfa á skipulagsmálin til framtíðar og framþróun Akureyrarbæjar. Með þessu er líka viðhaldið mörkum á milli framkvæmda og eftirlits byggingafulltrúa sem er afar mikilvægt. Sviðsstjórastarfið verður auglýst.
- Stjórnsýslusvið verður lagt niður og skiptast verkefni þess á mannauðssvið og þjónustu- og skipulagssvið. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs verður sviðsstjóri mannauðssviðs.

- Fjársýslusvið verður óbreytt með sama sviðsstjóra.
- Velferðarsvið verður óbreytt með sama sviðsstjóra.
- Breytingar á umhverfis-og mannvirkjasviði verða síðar.

Tímalína

Skipulagsbreytingar taka gildi um áramót en framkvæmd breytinga hefst á haustdögum.

Nefndir og ráð

Samhliða stjórnsýslubreytingunum þarf að breyta kjörnum nefndum sveitarfélagsins. Þeim mun fækka um tvær, frístundaráð og stjórn Akureyrarstofu. Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn muni málefni stjórnar Akureyrarstofu færast til bæjarráðs. Málefni frístundaráðs færast undir fræðslu- og lýðheilsuráð.

Setja þarf tillögu um breytta nefndaskipan á dagskrá bæjarráðs og vísa til bæjarstjórnar til samþykktar. Um leið þarf að samþykkja nýja formenn og nefndarmenn í bæjarstjórn.

Breytingar á nefndaskipan og tilfærslur verkefna á milli ráða verða á haustdögum.

Fjárhagslegur ávinningur

Markmiði um lækkun kostnaðar verður m.a. náð með því að einblína á lögbundin verkefni og leggja enn frekari áherslu á innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu. Einnig liggur fyrir að lækka þarf launakostnað innan sveitarfélagsins. Stjórnsýslubreytingunum munu fylgja uppsagnir og er það verkefni næstu mánaða að færa til verkefni, útvista þeim eða mögulega að leggja þau niður. Þá á eftir að taka tillit til þeirra breytinga sem verða munu á skipulagi Umhverfismiðstöðvar og Strætó eftir að búið verður að fara í frekari greiningarvinnu. Þar eru mikil tækifæri til breytinga. Einnig munu verða breytingar á starfsmannamálum grunnskólanna vegna fækkunar barna á næstu árum. Almennt er hægt að gera ráð fyrir að meðaltals launakostnaður á starfsmann sé í kringum 10 milljónir. Gert er ráð fyrir að með þessum breytingum sem lýst er hér að ofan geti sparnaðurinn orðið í það minnsta 80 milljónir á ársgrundvelli.

Enn fremur verður að gera ráð fyrir þeim breytingum sem verða innan fjögurra ára á húsnæðismálum en áætlanir gera ráð fyrir að í kringum 100 milljóna króna árlegur sparnaður verði af því að byggja við ráðhúsið og þar með sameina allar skrifstofur bæjarins á einn stað. Hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við ráðhúsið er nú í gangi.

Akureyri, 10. júní 2021,

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri.